

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Skaftholt,
sem staðfest var 11. júní 1980, nr. 335.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. orðist svo:

Fimm manna stjórn, valin samkvæmt gildandi lögum um stjórnir sjálfseignarstofnana sem fjárhagslega eru háðar opinberum aðilum, hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar ásamt eftirliti með ráðstöfun fjármuna og hefur með höndum lögumætt bókhald fyrir starfsemina.

Daglegur rekstur starfseminnar skal vera í höndum þriggja manna, svonefndur stjórnunarráðgjafi, valinn af starfsfólki og samþykktur af fulltrúaráði.

Stjórn er heimilt að veita einum til tveimur prókúruumboð. Umboðshafi má þó ekki selja né veðsetja fasteignir stofnunarinnar nema hann hafi til þess beint umboð.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Skaftholt, staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 22. september 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi M. Ólafsson.